



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/797
komudagur 5.12.2007


Alþingi
efnahags- og skattanefnd
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.12.2007
Tilv. 2007/0066 - 02.109
GSJ

Efni. Frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, 11. mál, brottfall laganna.

Með bréfi þann 13. nóvember sl. var óskað eftir umsögn FÍS um nefnt frumvarp. Félagið sendi umsögn um þetta frumvarp þegar það var síðast lagt fram á Alþingi og hefur afstaða þess í engu breyst til málsins. Styður félagið eindregið afnám iðnaðarmálagjalds. Vísast því til umsagnar félagsins frá 22. desember 2006 um frumvarpið og fylgir hún hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍS.


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.



– fyrir íslenska verslun

Alþingi-Efnahags- og viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.12.2006
Tilv. 02.109
GSJ

Efni: Frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, 16. mál

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Flutningsmaður er Pétur Blöndal, alþingismaður.

Svo sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess að fella niður lagaskylda iðnfyrirtækja til að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins. Gjaldið er innheimt í gegn um innheimtakerfi ríkisins og gilda um það að því leyti sömu lögmál og gilda um innheimtu ríkisins á opinberum gjöldum almennt.

Gjald þetta á sér langa sögu, en það var fyrst sett á með lögum nr. 48/1975 og áttu þáverandi hagsmunasamtök í iðnaði, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, auk Sambands íslenskra samvinnufélaga frumkvæði að því að þau lög voru sett. Iðnaðarmálagjaldið rann frá upphafi til þessarra aðila þriggja, í hlutfalli við iðnaðarveltu aðildarfyrirtækja þeirra nvers fyrir sig. Frá stofnun Samtaka iðnaðarins hefur gjaldið alfarið runnið til þeirra samtaka og, eins og kemur fram í greinargerð skilaði gjaldið þeim 287 milljónum króna árið 2005. Sambærileg gjaldtaka viðgengst reyndar einnig í því skyni að innheimta félagsgjöld fyrir hagsmunasamtök í landbúnaði og sjávarútvegi, en þar er um talsvert lægri upphæðir að ræða.

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur um langa hríð barist fyrir því að iðnaðarmálagjaldið verði aflagt og því fagnar félagið þessu frumvarpi sérstaklega. Skorar félagið á alþingismenn að sýna af sér þann pólitíska kjark að samþykkja frumvarpið.


Það er í raun sama frá hvaða sjónarhorni iðnaðarmálagjaldið er skoðað, það hefur alltaf á sér brogað yfirbragð. Í besta falli hefur það á sér svipbragð gamalla hugmynda manna um aðkomu hins opinbera að atvinnulífinu og félagskerfi þess. Það felur að mati FÍS í sér ólögmæta skattheimtu, felur í sér brot á stjórnarskrárvörðum réttindum og raskar jafnræði milli atvinnugreina.

Það er afar erfitt að koma auga á rökin fyrir því að löggjafanum finnist ástæða til þess að veita einni atvinnugrein sérstakt lagaskjól til að halda uppi hagsmunagæslu sinni. Annað hvort líta stjórnvöld svo á að iðnaðurinn sé öðrum atvinnugreinum æðri og því beri að hlúa sérstaklega að honum, eða að þau líti á iðnaðinn sem olnbogabarn sem sérstaklega þurfti að styrkja og styðja. Hvor sem ástæðan er, er í öllu falli ljóst að iðnaðarmálagjaldið er sem steinrunnið nátttröll í nútímanum, sem ber að leggja af sem fyrst.

Að mati FÍS má það teljast ótrúlegt að stjórnvöld hafi ekki enn haft í sér kjark til að afnema gjaldið og mun félagið fylgjast mjög vel með því hvaða afgreiðslu frumvarp þetta fær.

FÍS biðst að lokum forláts á því að umsögn þessi berst þetta seint, en samkvæmt upplýsingum frá nefndasviði Alþingis á það ekki að koma að sök, þar sem umsagnartíminn var framlengdur.

Virðingarfyllt,
f.h. FÍS


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.